



Vinnumarkaður í óvissu en áfram sjást merki um töluverðan styrk

Fólki á vinnumarkaði fjölgar enn




Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað að um 210 þús. manns hafi verið á vinnumarkaði í október 2019, sem jafngildir 81,2% atvinnuþátttöku. Af þeim voru u.þ.b. 202 þús. starfandi og 7.400 atvinnulausir. Starfandi fólki hefur fjölgað mikið í uppsveiflunni í hagkerfinu sem nú er að ljúka og er enn að fjölga. Sé litið á niðurstöður vinnuaflskönnunar voru starfandi þannig 4.700 fleiri nú í október en í október í fyrra.

Mismunandi merki um atvinnuleysi

Eins og áður segir voru 7.400 manns atvinnulausir í október samkvæmt vinnumarkaðskönnun, eða um 3,5% af vinnuafli. Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar voru um 7.700 manns á atvinnuleysisrá á lok október, 4.219 karlar og 3.481 konur. Karlar voru því um 55% atvinnulausra, en voru um 52% í október í fyrra. Aukning skráðs atvinnuleysis á síðustu 12 mánuðum hefur því bitnað hlutfallslega verr á körlum en konum. Frá því í október í fyrra hefur atvinnulausum fjölgað um 3.015 manns, eða um 64%. Atvinnulausum körlum hefur fjölgað um 1.762 (72%) og konum um 1.253 (56%).

Staðan verst á Suðurnesjum

Sé litið á breytingu á skráðu atvinnuleysi síðustu 12 mánuði hefur aukningin verið langsamlega mest á Suðurnesjum. Í október í fyrra var skráð atvinnuleysi þar 3,5% og var þá meira en annars staðar á landinu. Á síðustu 12 mánuðum hefur atvinnuleysi þar aukist um 3,8 prósentustig og var orðið 7,3% nú í október. Næstmesta atvinnuleysið á landinu nú í október var á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 4% og hafði aukist um 1,5 prósentustig frá því í október í fyrra. Suðunes og höfuðborgarsvæðið skera sig nokkuð frá öðrum svæðum, en þriðja mesta atvinnuleysið nú í október





var á Norðurlandi eystra, 3,2%. Nú í október var atvinnuleysið minnst á Norðurlandi vestra, 1,2%, og hafði minnkað um 0,4 prósentustig milli ára.

Vinnutími að styttest

Vikulegur vinnutími var að jafnaði 38,5 stundir í október og hafði styst um 0,5 stundir frá fyrra ári. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn nú í október 39 stundir sem er 0,2 stundum minna en í október 2018.

Stytting vinnutíma dregur úr vinnuaflsnotkun

Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman milli ára hefur vinnuaflsnotkun aukist nær samfelld allt frá árinu 2012. Frá nóvember 2018 fram til nóvember 2019 jókst fjöldi starfandi um 1,7% á meðan vinnutími styttist um 1,3%. Þetta felur í sér að vinnuaflsnotkun jókst um 0,4% milli ára. Samsvarandi tala fyrir september var jákvæð um 2,3%, en í ágúst var hún neikvæð um 2,9%. Á síðustu 12 mánuðum hefur breyting vinnuaflsnotkunar verið jákvæð í níu mánuðum og neikvæð í þremur. Sé litið til þeirrar þróunar má því enn sjá einhver styrkleikamerki á vinnumarkaði.


Áfram neikvæð teikn á lofti og óvissa framundan

Fyrr á árinu var reiknað með töluvert auknu atvinnuleysi eftir því sem liði á árið og að staða á vinnumarkaði myndi versna. Þróunin hefur verið hægari en reiknað var með.

Fjöldi uppsagna í lok 3. ársfjórðungs jók nokkuð á svartsýni um þróun vinnumarkaðar á næstunni. Í þessu sambandi hafa augun fyrst og fremst beinst að ferðaþjónustu, þar sem búast mætti við hagræðingu í rekstri eftir sumarið í ljósi töluverðar fækkunar ferðamanna. Eins og oft þegar hægir á í hagkerfinu hefur verið horft til byggingamarkaðar um fækkun starfa, en nýjustu tölur um íbúðafjárfestingu benda ekki til mikils samdráttar. Spurningin um næstu loðnuvertíð skiptir líka miklu sums staðar á landinu.


Líklegt má telja að atvinnuleysi muni aukast eitthvað á næstu misserum, þó ekki eins mikið og reikna mátti með á tímabili. Hagfræðideild reiknar með að skráð atvinnuleysi verði að meðaltali 3,6% í ár, 4% á árinu 2020 og 3,5% á árunum 2021 og 2022.

Skráð atvinnuleysi í október 2018 og 2019




Heimild: Vinnuálagstofnun, Hagfræðideild Landsbankans

Venjulegar vinnustundir



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Atvinna og vinnutími



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.